

Ar 1981, þriðjudaginn 3. mars, var í málínu nr. 20/1980 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóandi

ú r s k u r ð u r :

Málsvextir eru þeir, að með bréfi, dags. 17. september 1979, óskaði h/f Raftækjaverksmiðjan í Hafnarfirði eftir því við Fasteignamat ríkisins, að mat á fasteignum félagsins yrði tekið til endurskoðunár. Niðurstaða úrskurðar Fasteignamats ríkisins frá 20. maí og 22. maí 1980 varð veruleg lækkun fasteignamats umræddra eigna. Voru þær metnar á samtals kr. 362.736.000.- miðað við fasteignamat það, sem tók gildi 1. desember 1978, og á kr. 558.001.000.- miðað við fasteignamat það, sem tók gildi 1. desember 1979.

Með bréfi, dags. 14. júlí 1980, óskaði h/f Raftækjaverksmiðjan í Hafnarfirði síðan eftir því við Fasteignamat ríkisins, að fasteignamat áranna 1974-1977 yrði einnig tekið til endurskoðunar. Peirri beiðni var hafnað af Fasteignamati ríkisins með bréfi, dags. 25. ágúst 1980.


Með bréfi, dags. 9. október s.l., kærði umrætt félag síðastgreinda úrlaun Fasteignamats ríkisins til Yfirlasteignamatsnefndar. Er því meðal annars haldið fram í bréfinu, að engin sú breyting hafi orðið á fasteignum félagsins á því árabili, sem karan tekur til, að ekki sé unnt að meta eignir þessar á grundvelli 17. og 18. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna. Engin lagarök standi því gegn, að kærandi fái leiðréttið mála sinna, eins og nánar er rökstutt í kærubréfinu. Er þess krafist, að endurskoðun fari fram á fasteignamati fyrir árin 1975, 1976 og 1977.


Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga fellir Yfirlasteignamatsnefnd aðeins úrskurð um gjaldskyldu og gjaldstofn fasteignaskatts og er ekki á valdsviði hennar að úrskurða um skyldu sveitarfélags til endurgreiðslu oftekins fasteignaskatts. Hins vegar verður að telja rétt, að leiðréttið á gjaldstofni nái einnig til fyrri gjaldára í samræmi við niðurstöðu úrskurðar Fasteignamats ríkisins um fasteignamat umræddra fasteigna miðað við 1. desember 1978 og almennar veröbreyingar fasteignamats á því tímabili, sem karan tekur til. Liggur ekki fyrir neitt um það, að niðurstaða síðastnefnds úrskurðar byggist á breytingu á matsgrundvelli, er hafi orðið frá því, sem var á umræddu tímabili, og varðað fasteignir kæranda sérstaklega.


Samkvæmt framanskráðu ákveðst gjaldstofn umræddra mannvirkja kr. 32.129.000 fyrir gjaldárin 1975 og 1976, kr. 196.224.000 fyrir gjaldárið 1977 og kr. 260.192.000 fyrir gjaldárið 1978. Matsverð löða standi óbreytt

Ú R S K U R Ð A R O R D :

Gjaldstofn ofangreindra mannvirkja í eigu h/f Raftækjaverksmiðjunar í Hafnarfirði ákveðst kr. 32.129.000 fyrir gjaldárin 1975 og 1976 kr. 196.224.000 fyrir gjaldárið 1977 og kr. 260.192.000 fyrir gjaldárið 1978.


Gaukur Jörundsson


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon